

Erindisbréf fræðslunefndar

Nefndin fjalli um málefni leik-, grunn- og tónlistarskóla samkvæmt lögum nr. 90/2008, 91/2008 og 75/1985 sem og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni.

Hlutverk nefndarinnar er:

I

Að hafa forgöngu um mótun skólastefnu fyrir sveitarfélagið og vera sveitarstjórn til ráðgjafar um þau málefni sem undir nefndina heyra. Einnig að stuðla ávallt að frjórri umræðu og hafa frumkvæði að markvissu starfi í þessum málaflokkum og samstarfi við þá aðila sem starfa á sama sviði.

II

Að veita sveitarstjórn umsögn um fyrirkomulag heilsugæslu í skólum og nýtingu skólamannvirkja utan skólatíma.

III

Að vera sveitarstjórn og skólastjóra til ráðgjafar um vistun barna í skóla utan skólatíma.

IV

Að stuðla að samvinnu skólastofnana og samhæfingu skólastiga innan sveitarfélagsins.

V

Að stuðla að gerð samræmdrar símenntunaráætlunar fyrir þá starsfemi sem undir nefndina heyrir í samráði við viðkomandi skólastjóra.

VI

Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um ráðningu skólastjóra og að vera skólastjóra til samráðs um ráðningu kennara.

VII

Að veita sveitarstjórn umsögn um fyrirkomulag á skólaakstri.

VIII

Að vera tengiliður sveitarfélagsins við fagstofnanir og fagnefndir um stefnumótun á vettvangi fræðslumála og skal nefndin ávallt leitast við að fylgjast með umræðu um þau málefni sem snerta starfssvið hennar.

IX

Að gera árlega fyrir lok októbermánaðar tillögur til sveitarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs, um forgangsröðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna eða fyrirhugaðra fjárfestinga á því sviði sem undir nefndina heyra

X

Að starfa og hafa frumkvæði að margvíslegum málefnum sem snerta starfssvið nefndarinnar með hliðsjón af lögum og reglum sem við eiga hverju sinni.